

Heiti fasa: Stækkun hafnarsvæðis og nýtt safnasvæði á Seyðisfirði

Gerð fasa: Kynning tillögu á vinnslustigi

Stutt lýsing:

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings samþykkti á fundi 4. mars 2024 að kynna vinnslutillögu fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi Fjarðarhafnar, Pálshúsreits og Öldunnar vegna stækkunar á hafnarsvæði og nýju safnasvæði, í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagstillagan er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins [www.mulathing.is](#) og hér á Skipulagsgáttinni.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillögurnar til og með 16. apríl 2024.

Tekið er á móti athugasemdum á rafrænan hátt í gegnum Skipulagsgátt.

Hægt er að óska eftir nánari leiðbeiningum gegnum netfangið [skipulagsfulltrui@mulathing.is](#).

Úrvinnslutími fasa: 12.03.2024 - Dagsetningu vantar

Kynningartími: 12.03.2024 - 16.04.2024

Vegna: Máls nr. 0282/2024, Stækkun hafnarsvæðis og nýtt safnasvæði á Seyðisfirði (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Skipulagsstofnun hefur borist erindi í gegnum skipulagsgátt þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi.

Stofnunin bendir á að það er ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar að gefa umsögn um tillögur að deiliskipulagi á kynningartíma og telur því ekki tilefni til að gefa almenna umsögn um tillöguna á þessu stigi málsins.

Höfundur: Gríma Eik Káradóttir/grima.eik.karadottir@skipulag.is

Sent inn þann: 12.03.2024, **Fyrir hönd:** Skipulagsstofnun



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Tjarnarbraut 39e · 700 Egilsstaðir · Sími 470 3800 · ssa@ssa.is · www.ssa.is

Skrifstofa Múlaþings
B.t. Sóleyjar Valdimarsdóttir
700 Egilsstaðir

Austurlandi, 25. mars 2024.

Efni: Umsögn svæðisskipulagsnefndar Austurlands um mál nr. 0282/2024 í skipulagsgáttinni

Vísað er í tölvupóst sem barst á netfangið ssa@ssa.is frá Skipulagsgátt þann 12. mars 2024, þar sem óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar Austurlands um breytingu á deiliskipulaginu „Hafnarsvæði, Fjarðarhöfn, Pálshúsreitur og Aldan“ sem samþykkt var 16.03.2016.

Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Austurlandi gerir ekki efnislegar athugasemdir við breytinguna.

Virðingarfyllt
f.h. svæðisskipulagsnefndar

Dagmar Ýr Stefánsdóttir

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri SSA

Vegna:

Athugasemdir vegna breytinga á Aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030, dags. 13. febrúar 2024, og vegna vinnslutillögu á deiliskipulagsbreytingu, dags. 23. febrúar 2024, á deiliskipulagi sem ber heitið „Hafnarsvæði, Fjarðarhöfn og Aldan“ sem samþykkt var 16. mars 2016.

Tækniminjasafn Seyðisfjarðar tekur breytingum, á bæði Aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030 og á deiliskipulagi sem ber heitið „Hafnarsvæði, Fjarðarhöfn og Aldan“, fagnandi þar uppbygging safnsins er fest í skipulagi, en það hefur lengi verið í undirbúningi.

Sögufræga húsið Angró gengur í endurnýjun lífdaga á svæðinu og mun fá friðlýsingu að endurbyggingu lokið, auk Angró verður nýbygging reist sem mun styðja við safnastarfsemi á svæðinu.

Safnið verður mikil lyftistöng fyrir bæinn og mun ljá Lóninu einstakan blæ. Það er því mikilvægt að safnið og safnasvæðið fái að njóta þess að vera í forgrunni á svæðinu og að Angró njóti sín sem kennileiti við Lónsbakkann með tilsýn úr öllum áttum.

Huga þarf að því við uppbyggingu á aðliggjandi lóð að ekki sé dregið úr áhrifum Angró og safnasvæðisins við Lónsbakkann. Því er tekið fagnandi að önnur hús sem skipulögð eru séu nokkuð aftar á svæðinu frá Lóninu séð sem styður við hugmyndafræði safnsins um að Angró fái að vera kennileiti við Lónið.

Á komandi árum er ráðgert að safnið geti stækkað, innan þess svæðis sem tilgreint er sem svæði fyrir þjónustustofnanir í aðalskipulagsbreytingunni, sem styður við áhrif og mikilvægi safnsins í safnaflóru landsins. Fyrst um sinn verða haldnar útsýningar á svæðinu sem verða aðgengilegar öllum utan opnunartíma safnsins. Bryggjur í kringum safnið, sem hannaðar hafa verið þannig að þær njóti sem metrar sólar og skjóls, verða mannlífstorg bæjarins og ávalt opnar öllum.

Í breytingunum sem nú eru gerðar er gólfkvóti bygginga við Lónið fastlagður, með tilliti til bæði lágmarks gólfhæðar í viðmiðunarreglum Vegagerðarinnar á lágsvæðum við Seyðisfjörð, auk þess sem 25 cm er bætt við vegna flóðahættu úr Fjarðará. Hönnun safnahúsa mun aðlaga sig að þessum hæðarkvótum en mikilvægt er að huga að aðlögun lands og hafnargörðum samhliða uppbyggingu safnsins. Forsvarsmenn safnsins, og hönnuðir húsa þess, óska eftir samstarfi og samráði við hönnun hafnargarða sem falla vel að hönnun safnsins, bryggju- og lóðarhönnun.

Að lokum vill safnið fagna þeirri breytingu sem fram kemur um bílastæði handan götunnar á deiliskipulagi enda mikil umferð bíla á svæðinu bæði vegna umsvifa hafnarinnar en einnig eru bílastæðin safninu mikilvæg þar sem lítið pláss er á lóð safnsins til að taka við umfangsmikilli bílaumferð.

Fyrir hönd Tækniminjasafns Seyðisfjarðar og hönnunarteymis nýs safnasvæðis við Lónsleira,

Hildur Gunnlaugsdóttir arkitekt og umhverfisfræðingur

Tilvísun RARIK: 2024-03-0103

Dagsetning: 10/04/2024

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir

**Umsögn RARIK. Stækkun hafnarsvæðis og nýtt safnasvæði á Seyðisfirði, nr. 0282/2024
(Breyting á deiliskipulagi)**

RARIK hefur mótekið erindi yðar dags. 10/04/2024 og hefur farið yfir tillöguna.

Árið 2002 var tekinn í notkun nýtt strengsett sem lagt var milli aðveitustöðva RARIK. Milli Garðarsvegar 15 og Strandarvegar 2 í tengslum við orkuskipti í bræðslum landsins. Þetta strengsett er tenging Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar að stórum hluta við landskerfi Landsnets. Strengirnir eru reknir á 66 kílóvolta spennu. Strengirnir voru lagðir með heimild Seyðisfjarðarkaupstað á sínum tíma 2001-2002.

Umræddum strengjum hefur áður verið komið á framfæri í skipulagsvinnunni, að kvaðir um lagnaleiðir / helgunarsvæði sé þörf. Helgunarsvæði sést ekki nema að hluta á skipulagsuppdrættinum. En strengirnir liggja m.a. um Lónsleiru 1 og Austurveg 19c, 19b og 21. Verði strengjunum úthlutað nýtt svæði og þeir færðir. Þá lendar sá kostnaður á sveitarfélagið. Kostnaður sem getur orðið hár. Sérstaklega ef taka þarf strengina í sundur eða bæta inn í þá.

Með kveðju,
Haraldur Jónatan Klausen

Dags. 15.04.2024

Múlaping

Sóley Valdimarsdóttir

Vegna:

Stækkun hafnarsvæðis og nýtt safnasvæði á Seyðisfirði, nr. 0282/2024 (Breyting á deiliskipulagi)

Umsögn varðar einkum lóðir við Lónsleiru 11, 5 og 3

Þau hús sem fyrirhugað er að byggja á þessum lóðum verða öll timburhús með risþaki og bera svip aldamótahúsa þar síðustu aldamóta. Þau munu án efa auka upplifun um samheldni í byggingastíl sem einkennir Seyðisfjarðabæ og hús umhverfis lónið.

Óskað er eftir að húsin muni hafa mænisstefnu í SV-NA eins og sjóhúsin sem fyrirhugað er að byggja á safnasvæðinu. Einnig er óskað eftir því að byggingareitur Lónsleiru 5 verði framlengdur út fyrir varnargarð lónsins. Húsið verði byggt á landi en bryggja/pallur fyrir framan hús mun ná yfir varnargarð. Göngustígur sem fyrirhugaður er umhverfis lónið mun halda sér og verður hægt að ganga fyrir framan húsið.

Í texta um breytingar og á uppdrætti er þess farið á leit að aðgengi lóða 3 og 5 verði þrengdar, göngustígur færður til og byggingareitir færðir til. Einnig virðast lóðirnar vera minnkaðar. Bílastæðum er fækkað úr 4 í 2 á hverri lóð. Þessar breytingar hafa í för með sér mun þrengra aðgengi. Óskað er eftir nánari umfjöllun og útskýringum vegna þessa breytinga.

Til umhugsunar.

Hæðarkótar eru gerðir í samráði við Vegagerðina og hafa tekið stakkaskiptum á fáum árum.

Gert er ráð fyrir að hæðarkótar verði 4.07 í hafnarkerfi.

Lónsleira 7 og 9 eru með gólfkóta 3.25 í hafnarkerfinu. Hér munar 82 sm sem er umtalsvert. Huga þarf að uppbyggingu varnargarða umhverfis lónið ef hús sem fyrir eru fari ekki í kaf á næstu 100 árum.

Með bestu kveðju,

Bragi Blumenstein

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 16. apríl 2024
UST202403-182/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030- Stækkun hafnarsvæðis og nýtt safnasvæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Múlaþings er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030 vegna stækkunar á hafnarsvæði og nýju safnasvæði á Seyðisfirði

Í greinargerð kemur fram að meginmarkmið þessarar breytingar er fyrst og fremst að auka athafnarými hafnarinnar með landfyllingu og lengingu á hafnarkanti, til þess að bæta aðgengi að hafnarkanti og tryggja öruggt athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi til framtíðar. Einnig er markmiðið að tryggja öruggt svæði fyrir uppbyggingu á Tækniminjasafni Austurlands.

Lög um stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjón, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsbreytingarinnar á vatnshlot þar sem fyrirséð er álag á vatn. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Vatnshlotið sem um ræðir er strandsjávratnshlotið Seyðisfjörður (102-1322-C)¹.

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/102-1322-C>

Öll strandsjávarhlot eiga að vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Nái vatnshlot ekki umhverfismarkmiðum skal fara í aðgerðir til að draga úr álagi, leggja til mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmd til að tryggja gott ástand vatns. Umhverfismarkmið um ástand eru lagalega bindandi og ástandi vatnshlota má ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Strandsjávarvatnshlotið Seyðisfjörður hefur ekki verið ástandsflokkað, þ.e. vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er ekki þekkt. Í greinargerð segir að engar rannsóknir hafa verið gerðar á botndýralífi innan Seyðisfjarðarhafnar. Því er mikilvægt að ástandsmat sé gert sem inniheldur m.a:

- Álag vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta strandsjávarvatnshlot. Ef greint er líklegt álag á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mótvægisáðgerðum sem notaðar eru til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdar og starfsemi.
- Samlegðaráhrifum allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Gæðapættirnir sem skilgreindir hafa verið fyrir strandsjó eru níturat, fosfat, blaðgræna, hryggleysingjar á mjúkum botni og botnþörungur á hörðum botni. Umhverfisstofnun bendir á að landfylling getur einnig haft áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti sem hafa þó ekki enn verið skilgreindir í strandsjó. Breytingar á vatnsformfræði geta valdið áhrifum á ofangreinda gæðapætti.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti, en slíkar rannsóknir eru mikilvægur grunnur fyrir ofangreint áhrifamat.

Landfylling og dýpkunarefni

Í greinargerð segir að hafnarsvæðið er stækkað með því að lengja hafnarkantinn við Strandarbakka, færa núverandi smábátahöfn og skapa meira landrymi með landfyllingu fyrir hafnsækna starfsemi.

Stækkun hafnarinnar, felur í sér að núverandi viðlegukantur Strandarbakka sem er um 170 m og verður hann framlengdur um 280 m í heildina.

Dýpið í smábátahöfninni verður 2,5 m og verður það jafnað út með því að hliðra til efni á hafsbotni, ekki verður fjarlæggt efni af hafsbotni. Heildarefnisþörf stækkunar er um 149.000 m³ og nær framkvæmdasvæðið yfir um 3 ha. Sökum þess hve aðdjúpt er þarf einnig að fylla aðeins fyrir framan viðlegukantinn svo að stálþil fái nógu góða festu. Gert er ráð fyrir að efnisþörf verði landfylling bakvið stálþil sem 135.000 m³ og svo sjófylling fyrir framan stálþil 14.000 m³. Um 1 ha af sjávarbotni mun fara undir nýja landfyllingu

Þar sem fram kemur í greinargerð að hliðra á til efni á hafsbotni við höfnina bendir Umhverfisstofnun á að sumt af því efni (dýpkunarefni) sem tekið er upp eða hreyft til getur verið mengað af þungmálmum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengandi efnum. Ekki kemur fram í greinargerð hvort hafsbotn hafnarinnar sé mengaður.

Umhverfisstofnun bendir á að hluti framkvæmdarinnar er varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun vill minna á flak El Grillo er liggur á botni Seyðisfjarðar. Tryggja þarf að landfyllingin hafi ekki áhrif á flakið er gæti aukið mengun þá er frá flakinu berst.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Múlaþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 17. apríl 2024
MÍ202403-0091/ 6.09 / Þ.E.H.

Efni: Hafnarsvæði, Fjarðarhöfn, Pálshúsreitur og Aldan, Seyðisfjörður, Múlaþing - tillaga, breyting, deiliskipulag

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Múlaþings í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um breytingu á deiliskipulaginu *Hafnarsvæði, Fjarðarhöfn, Pálshúsreitur og Aldan* (mál nr. 282/2024). Hægt var að hlaða niður breytingartillögu og uppdrætti en þau eru bæði dagsett 23.02.2024. Samhliða er verið að vinna að breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Meginmarkmið breytingarinnar er að auka athafnarrými hafnarinnar með greiðu aðgengi að hafnarkanti og tryggja öruggt svæði fyrir uppbyggingu Tækniminjasafns Austurlands. Breytingin nær yfir 8ha svæði við núverandi hafnaraðstöðu Norrænu og svæðið þar í kring. Svæðið er að stórum hluta landfylling. Búðará rennur í gegnum svæðið í manngerðum farvegi, utan við ána er sjóvarnargarður og smábátahöfn, innan við ána er óbyggt svæði sem hefur verið nýtt sem hundasvæði, geymslusvæði og til haugsetningar á efni. Fjórar byggingar standa innan svæðisins, Ferjuleira 1, Hafnargata 11, Hafnargata 15 og Hafnargata 25.

Deiliskipulagsbreytingin nær til uppdráttar og greinargerðar. Á uppdrætti er skipulagssvæðið stækkað um 3,3ha sem felur í sér lengingu á hafnarkanti við Strandabakka, færslu á smábátahöfn, lóðir við Ferjuleiru 1-3 eru sameinaðar í eina lóð, breytta legu á Búðará, auk þess sem lóðir við Hafnargötu 11, 15 og 25 bætast inn á skiplagið. Gatan Drafnarleira er felld út og stækkun verður á aðliggjandi lóðum sem því nemur. Aðkoma að lóðum við Búðarleiru 1-3 og 5-7 er breytt, byggingarreitir við Lónsleiru 13-17 eru sameinaðar í eina lóð. Lóð fyrir skólphreinsistöð er færð nær Hafnargötu og af hafnarbakkanum. Í greinargerð er bætt við texta í kafla 5 sem fjallar um byggingarreiti og í kafla 6 sem fjallar um skipulag lóða.

Í kafla 2.3 er fjallað um minjar. Þar er vakin athygli á því að fornleifaskráning sem gerð var vegna aðalskipulags sé ekki fullnægjandi en samkvæmt henni séu fimm fornleifar innan svæðisins. Einnig er vakin athygli á því að innan svæðisins sé eitt friðlýst hús og eitt friðað hús. Í kaflanum er einnig fjallað um að deiliskipulagið var samþykkt án fyrirliggjandi skráninga og því þurfi framkvæmdir innan þess að koma til umsagnar hjá Minjastofnun Íslands.

Puríður Elísa
Harðardóttir

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Í kafla 4 er fjallað um Umhverfismatsskýrslu. Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru þar talin vera jákvæð/óviss. Breytingartillagan styður við varðveislu safnkosts Tækniminjasafnsins en áhrifin séu óviss þar sem fornleifaskráningin hafi ekki verið unnin á hluta svæðisins.

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands:

Minjastofnun Íslands veitti umsögn með bréfi dags. 24. febrúar 2023 um skipulags- og matslýsingu breytingar á ofangreindu deiliskipulagi en þá voru einnig uppi áform að vinna nýtt deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið. Fallið virðist hafa verið frá því í vinnslunni og ákveðið að stækka gildandi nærliggjandi deiliskipulag í staðinn.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Eins og kom fram í umsögn stofnunarinnar um skipulags- og matslýsingu ofangreindra áforma var skipulag *Hafnarsvæðis, Fjarðarhafnar, Pálshúsreitar og Öldunnar* afgreitt árið 2016 án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja.

Fyrir liggur fornleifaskráning frá árinu 2009 sem nær yfir svæði skipulagsbreytingarinnar en sú skráning uppfyllir ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands en gefur upplýsingar um dreifingu minja. Ekki liggur fyrir fornleifaskráning sem nær yfir hafsbotn fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Minjavörður kynnt sér fyrirbyggjandi heimildir og svæðið til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum.

Eins og kom fram í fyrri umsögn stofnunarinnar var ekki talin þörf á því að uppfæra fyrirbyggjandi fornleifaskráningu innan svæðis skipulagsbreytingarinnar sökum þess að þær fornleifar sem þar eru skráðar sjást ekki á vettvangi og er því staðsetningarpunktur þeirra fullnægjandi. Færa þarf þá inn á skipulagsuppdrátt. Samkvæmt fyrrnefndri fornleifaskráningu eru fimm þekktar fornleifar innan svæðis skipulagsbreytingarinnar: heimild um híbýli (NM-249-143), heimild um pakkhús (NM-249-149), heimild um sjóhús (NM-249-153), heimild um híbýli (NM-249-154) og heimild um sjóhús (NM-249-158). Engin ummerki sjást um þessar fornleifar á vettvangi vegna seinni tíma framkvæmda. Svæðin þar sem þær stóðu hafa tekið miklu breytingum vegna breytingar á strandlínu, vegna byggingarframkvæmda og veitulagna og því ólíklegt að ummerki um þær leynist undir sverði. Mikilvægt er þó að hafa í huga að fara með aðgát við framkvæmdir á þessum stöðum og að þær séu stöðvar án tafar og Minjastofnun Íslands gert viðvart ef minjar koma í ljós.

Svæði skipulagsbreytingarinnar þar sem fyrirhugað er að fara í lengingu á hafnarkanti og færslu smábátahafnar er eins og áður hefur komið fram töluvert raskað vegna landfyllingar, dýpkanaf framkvæmda og síðan er hluti þess þakinn skriðuefni frá ofanflóðunum 2020. Líkur á því að minjar leynist á hafsbotni innan svæðisins eru því metnar ólíklegar og er ekki talin þörf á

frekari könnun þar. Mikilvægt er að stöðva framkvæmdir og gera stofnuninni viðvart ef minjar koma í ljós.

Innan svæðis skipulagsbreytingarinnar standa fjórar byggingar. Tvær af þeim falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar, Hafnargata 11 er friðlýst hús frá 1918 og Hafnargata 25 er friðað hús frá 1886. Skrá þarf þau hús sem falla undir lög um menningarminjar og eru innan svæðisins og færa þau inn í húsaskráningarform Minjastofnunar Íslands. Að því loknu þarf að gera grein fyrir þeim húsum með viðeigandi litamerkingu á skipulagsuppdrætti, blár fyrir friðlýst hús og fjólublár fyrir friðuð hús. Unnið er að endurbyggingu og flutningi Angró á nýtt safnarsvæði í góðu samráði við Minjastofnun Íslands. Stofnunin minnir einnig á að flutningur hússins við Hafnargötu 11 þarf að vinna í samráði við hana. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi án vitundar Minjastofnunar Íslands sbr. 31. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Minjastofnun Íslands telur ekki þörf á frekari skráningu fornleifa innan þess svæðis sem ofangreind deiliskipulagsbreyting nær til. Skráningu húsa innan svæðisins er hins vegar ekki lokið og hefur hún því ekki fengið staðfestingu Minjastofnunar Íslands skv. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og þar með er ekki hægt að ganga frá deiliskipulaginu, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Klára þarf skráningu húsa og mannvirkja innan svæðisins.

Uppfæra þarf skipulagsuppdráttinn þar sem gerð er grein fyrir fornleifum og þeim húsum sem falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar með viðeigandi litamerkingu.

Í greinargerðinni er mikilvægt að komi fram að allar breytingar á friðuðum, friðlýstum og umsagnarskyldum húsum þurfa að berast stofnuninni sérstaklega auk þess að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands minnir á að allar framkvæmdir innan ofangreinds deiliskipulags sem og frekari breytingar þurfa að koma inn til umsagnar hjá stofnuninni sökum þess að skipulagið tók ekki mið af menningarminjum þegar það var kynnt á sínum tíma.

Þegar skráningu húsa er lokið mun Minjastofnun Íslands senda staðfestingu þess efnis. Einnig þarf uppfærður skipulagsuppdráttur þar sem búið er að bregðast við athugasemdum stofnunarinnar hér að ofan að berast henni.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Þuríður Elísa Harðardóttir". The signature is written in a cursive, flowing style.

Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Vegna: Máls nr. 0282/2024, Stækkun hafnarsvæðis og nýtt safnasvæði á Seyðisfirði (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Eftirfarandi er umsögn Samgöngustofu sem barst sveitarfélaginu í tölvupósti þann 18. apríl 2024:
"Óskað hefur verið eftir athugasemdum Samgöngustofu um breytingu á deiliskipulagi hafnarinnar á Seyðisfirði mál 282/2924. Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir við framangreint en vill taka eftirfarandi fram:

- Þess sé gætt að farið sé að ákvæðum hafnarlaga nr. 62/2003, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim. Í lögunum segir m.a. í 6. gr.: "Hafnir skulu tilkynna Samgöngustofu um fyrirhugaðar framkvæmdir og leggja fyrir stofnunina gögn um gerð mannvirkjana til samþykktar áður en framkvæmdir eru hafnar.
- Þess sé gætt að farið sé að ákvæðum og vitalaga nr. 132/1999, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim. Í 10. gr. laganna er fjallað um farartálma en á grundvelli 6. mgr. 10. gr. skal leit umsagnar Samgöngustofu um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, svo sem fiskeldiskvía, mælitækja í sjó og veðurdufla.
- Samráð sé, eftir atvikum, haft við Vegagerðina, Sjósmælingar Landhelgisgæslu o.fl. hagsmunaaðila.
- Þess sé gætt að framkvæmdir valdi ekki truflunum á siglingum.
- Við framkvæmdir sé þess ennfremur gætt að ekkert sé byggt sem skyggt geti á leiðarmerki frá sjó og að þess sé gætt að ekki séu sett upp ljós eða önnur merki sem villt geta um fyrir sjófarendum.
- Haft sé samráð við Vegagerðina sé leiðarmerkjum breytt eða ný sett upp og þau ekki tekin í notkun fyrr en eftir úttekt.
- Framkvæmdaaðili hafi samráð við Sjósmælingar Landhelgisgæslu um staðsetningu þegar framkvæmdir hefjast."

Höfundur: Sóley Valdimarsdóttir/soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Sent inn þann: 18.04.2024, **Fyrir hönd:** Samgöngustofa